

GEÐMARAFON Í KRINGLUNNI

GEÐHJÁLP 35 ÁRA Í tilefni af afmæli Geðhjálpar verður blásið til Geðmarafons í Kringlunni á afmældisdaginn, 9. október næstkomandi. Afmælisgestir taka þátt í afmældisdagskránni með því að stíga upp á pall og fjalla um geðheilbrigði með einum eða öðrum hætti frá tíu um morguninn til níu um kvöldið.

Okkur langaði til að bjóða þjóðinni að taka þátt í afmæli Geðhjálpar og í leiðinni að leggja sitt af mörkum til vátundarvakningar hvað varðar geðheilbrigði," segir Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar. Samtökin fagna 35 ára afmæli 9. október, daginn fyrir Alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn. Hugmyndin var að gera eitthvað öðruvísi og skemmtilegt sem allir gætu tekið þátt í og niðurstaðan varð Geðmarafon.

„Fáir staðir henta betur til að ná til almennings en verslunarmiðstöð á borð við Kringluna," segir Anna glaðlega. Geðmarafonið fer fram á Blómatorgi Kringlunnar fimmtudaginn 9. október en þá er opnunartími verslana lengri. „Við viljum tryggja að almenningur, notendur, aðstandendur, áhuga-fólk og fagfólk tali um geðheilbrigði frá klukkan tíu um morguninn til níu um kvöldið," segir Anna en á Blómatorg-inu verður pallur og míkrofónn fyrir þá sem vilja taka þátt en hver og einn fær fimmtán mínútur. „Við bjóðum fólki að stíga á svið og tala frjálst um eitthvað sem tengist geðheilbrigði, halda ræður, lesa texta, lesa upp úr skáldsögu, lesa upp ljóð, leika tónlist, dansa eða hvað sem fólki dettur í hug og tengist geðheilbrigðismálum," segir Anna en þeir sem ekki hafa neitt skipulagt geta gengið í bækur sem verða á staðnum og lesið upp úr þeim.

Fjölmarginir hafa þegar skráð sig á listann. „Þar má nefna Styrmi Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóra, Elísabetu Jökulsdóttur rithöfund, Björk Vilhelmsdóttur, formann velferðarráðs, Sigríði Víðis Jónsdóttur rithöfund og Dag B. Eggertsson borgarstjóra," segir Anna en nefnir að enn séu nokkur pláss laus. „Við hvetjum fólk til að hafa samband við okkur og óska eftir að komast að."

KAKA Í TILEFNI DAGSINS

Geðhjálp mun bjóða upp á fimm hundruð manna afmælistertu á Blómatorgi klukkan 17 á afmældisdaginn.

Borgarstjórinn og Hrannar Jónsson, formaður félagsins, halda tölu en að því loknu mun tónlistarkonan Ellen Kristjánsdóttir flytja tónlist.

„Við hvetjum fólk eindregið til að koma. Þetta er málefni sem snertir nánast hverja einustu fjölskyldu á Íslandi," segir Anna.

Hún bendir á að

hátt í fjöru-tíu prósent öryrkja á Íslandi séu öryrkjar vegna geðrænna erfiðleika, og að 25 prósent af

öllu fólki í hinum vestræna helma hafi einhvern tíma á ævinni strítt við geðröskun, til dæmis í kjölfar skilnaðar, dauðsfalls eða barnsfæðingar. „Flestir hafa upplifað geðröskun sjálfir eða þekkja einhvern í fjölskyldunni eða vinahópnum. Því er mikils um vert að opna umræðuna og að allir leggjast á árarnar til að vinna gegn fordómum, að bættri þjónustu og auknum réttindum og auðvitað auknum forvörnum. Okkur er öllum í hag að fólk njóti sín í samfélaginu því þá er það tilbúnara að taka þátt í mótun samfélagsins og gera það þannig betra."

HVETUR FÓLK TIL AÐ VERA MEÐ

Anna Gunnhildur ætlar að skipuleggja Geðmarafonið þannig að talað, lesið eða sungið verði um geðheilbrigðismál frá morgni til kvölds, fimmtudaginn 9. október, á afmælisdegi Geðhjálpar.

MYND/VALLU

TÖKUM ÞÁTT

Þeim sem vilja leggja sitt af mörkum með því að taka þátt í Geðmarafoninu er bent á að hafa samband í síma [570 1700](tel:5701700) eða senda póst á verkefnisstjori@gedhjalp.is, ago@gedhjalp.is eða linda@gedhjalp.is.